

Nám fullorðinna - Ritdómur

Kristín Þórarinsdóttir

Rogers, Jenny. (2007). *Adult learning* (5. Útgáfa). Open University Press. 272 bls.

Jenny Rogers segir að árangursríkur kennari fullorðinna hefur aðeins eitt markmið og það sé að hafa nemandinn í fyrirrúmi. Um það snýst umfjöllunarefni bókarinnar.

Bókin *Adult Learning* (Nám fullorðinna) er skrifuð af Jenny Rogers. Hún var fyrst gefin út árið 1971 og er þetta 5. útgáfan þar sem bætt er við nokkrum köflum. Hún er viðskiptamarkþjálfari ásamt því að vera stjórnandi ráðgjafa- og markþjálfunarfyrirtækisins Management Futures Ltd. Hún hefur kennt fullorðnum námsmönnum í gegnum alla sína starfsævi. Síðustu tvo áratugina hefur hún mestmegnis kennt stjórnun og viðskiptamarkþjálfun. Hún hefur gefið út fjölmargar bækur og má m.a. nefna bækur um markþjálfun (*Coaching Skills* og *Developing a Coaching Business*). Sjá má að um 15 bækur eftir hana eru til sölu.

Uppbygging bókarinnar

Bókin byrjar á kynningu þar sem höfundurinn fjallar um sína reynslu af fræðslu fullorðinna og sem nemanda. Einnig fjallar hún um hversu fullorðnum nemendum hefur fjölgað vegna mikilla tækni- og þjófélagsbreytinga. Sjálf talar hún um að hún hafi það að markmiði að læra út lífið. Markmið bókarinnar er að hjálpa þeim tugum þúsunda leiðbeinenda sem starfa við fullorðinsfræðslu.

Aðalkaflarnir eru 12 sem bera heitin Fullorðnir námsmenn; það sem þú þarft að vita, Upphaf námskeiðs, Endurgjöf, Að skilja hópinn, Að auðvelda nám, Verklegt nám, Lausnarnám, Markþjálfun, Hlutverkaleikir og Hermiaðstæður, Framsetning upplýsinga: fyrirlestur, sýnikennsla og blönduð kennsla, Hönnun náms og Mat.

Í bókinni talar höfundur til lesanda bæði sem leiðbeinanda fullorðinna námsmanna og sem nemenda. Í hverjum kafla er fullorðinskennslan tekin fyrir frá ákveðinni nálgun. Þar kemur hún með reynslusögur og talar til lesandans. Síðan kemur hún með uppástungur um hvernig hægt er að vinna með þennan þátt. Vísað er í fræðimenn, kenningar þeirra og ýmsar heimildir. Í lok hvers kafla er bent á frekara lesefni.

Fullorðnir námsmenn

Í fyrsta kaflanum er fjallað um fullorðna námsmenn og hvað leiðbeinendur þurfa að vita um þá. Sérstaklega er tekin fyrir líðan nemenda og hversu kvíðnir margir þeirra eru þegar þeir hefja nám. Þeir hafi margir hverjir slæmar minningar úr skóla þar sem kennarinn var miðjan í náminu en ekki námsmaðurinn. Oft eru hvatirnar að baki þess að hefja nám þær að hinir fullorðnu nemendur eru að takast á við breytingar í vinnu, tækni eða samfélaginu. Sumir eru sendir þvert á sinn vilja á námskeið. Hún kemur með ýmiss dæmi um bæði persónulega upplifun sína sem nemanda eða leiðbeinanda og ýmsar raddir nemenda. Sett eru fram dæmi um það ferli sem nemendur fara þegar þeir eru að takast á við nýtt nám og hvernig leiðbeinandinn getur hjálpað þeim. Einnig fjallar hún um hæfnistigann

(Ladder of Competence) en höfundur er óþekktur, ásamt því að fjalla um lærdómshringinn sem fyrst var settur fram af David Kolb. Síðan fer hún yfir hversu ólíkt fólk er og kynnir Myers Briggs Indicator persónuleikaprófið og fjallar um ólíkar persónugerðir. Einnig bendir hún á fjölgreindarkenningu Gardnes og kenningar Coleman um tilfinningargreind.

Í þessum kafla fá lesendur góð ráð til að takast á við það að umgangast fullorðna nemendur, hvernig megi draga úr kvíða, hvetja þá áfram og hvernig eigi að takast á við erfiða nemendur. Kaflinn gefur mjög góða sýn yfir þau mörgu atriði sem leiðbeinandinn þarf að hafa í huga þegar hann undirbýr og kennir á námskeiðum sem fullorðnir námsmenn sækja. Sérstaklega eflir hann skilningin á nemendunum sjálfum og aðstæðum þeirra.

Framkvæmd námskeiða

Kaflar 2-5 fjalla um sjálfa framkvæmd námskeiðanna. Gefnar eru leiðbeiningar um hvernig eigi að hefja námskeið og hversu mikill tími sé hæfilegur við mismunandi aðstæður. Sagt er frá kostum og göllum aðferðanna. Lögð rík áhersla á að nemendur þurfa að fá endurgjöf til að hvetja þá og hvernig hægt sé að gera slíkt á réttan hátt. Leiðbeinanda er einnig uppálagt að hann þurfi að skilja hópinn sem hann er að kenna og fjallað er um ólíka hópa. Talað er um hvatningu og hvernig eigi að takast á við ýmsar aðstæður sem geta komið upp.

Hér sækir höfundur í reynslubanka sinn og gefur mjög skýrar og gagnlegar ráðleggingar fyrir þá sem eru að kenna fullorðnum námsmönnum. Þessar ráðleggingar geta auðveldað mjög fyrir þeim sem eru að kenna á námskeiðum vegna þess hversu praktísk þau eru. Höfundur fer mjög vel yfir hvað virkar og hvað virkar ekki. Sérstaklega er tekið á ýmsum tilfinningarmálum sem geta komið upp hjá fullorðnum námsmönnum og hversu mikið samsetning hópsins skiptir máli.

Kennsluaðferðir

Hinar ýmsu kennsluaðferðir eru teknar fyrir í kafla 6 – 10. Fjallað er um fyrirlestrarformið, aðgerðarnám, lausnarleitarnám, markþjálfun, hlutverkaleiki og hermiaðstæður. Síðast er svo talað um blandaðar kennsluaðferðir. Útskýrt er í byrjun kaflanna hvernig kennsluaðferðir þetta séu og tekin eru dæmi. Bent er á kosti og galla ásamt því að benda á hvenær þessar kennsluaðferðir gætu átt við. Gefnar eru hagnýtar upplýsingar um hvernig staðið skuli að framkvæmd þeirra og hvaða gryfjur skuli varast að falla ofan í. Settar eru fram dæmisögur.

Kaflarnir eru með hagnýtar upplýsingar um hvernig beita skuli kennsluaðferðum og hvenær þær eigi við. Dæmisögurnar sem settar eru fram eru mjög fræðandi. Einnig fjallar hún um nemendur sem læra bæði í skólastofunni og í fjarnámi á mjög hagnýtan hátt. Reyndar nær kaflinn um markþjálfun ekki að gera mikið gagn fyrir lesandann því augljóst er að töluvert nám þarf til að geta framkvæmt slíkt og hefur maður á tilfinningunni að sálfræðingur eða námsráðgjafi þyrfi að standa að slíkri þjálfun. Í besta falli væri hægt að benda nemandanum á að sækja sér slíka þjálfun. Þetta er reyndar kafli sem bætt er við síðar en höfundur hefur verið að gefa út bækur um markþjálfun undanfarin ár. Hér hefði verið nóg að vísa í markþjálfun en óþarfi að setja heilan kafla um hana því þessi kafli nýtist ekki lesandanum. Sama mætti kannski segja um hlutverkaleiki en það er ekki á allra færi að framkvæma þá og er eins og eitthvað meira vanti.

Hönnun námskeiða og mat á þeim

Í kaflanum um hönnun námskeiða fer höfundur mjög vel í hvernig standa skuli að skipulagningu námskeiða. Skoða þurfi m.a. tímasetningar, markhóp, væntingar, staðsetningu, aðbúnað ásamt fleiru. Þessi kafli er ákaflega gagnlegur fyrir þá sem eru að skipuleggja námskeið. Höfundur kemur einnig með ýmsar reynslusögur um hvað getur farið úrskeiðis. Þetta er einn gagnlegasti kaflinn í bókinni ásamt fyrsta og öðrum kaflanum. Síðasti kaflinn fjallar um mikilvægi þess að meta námskeið og hvers vegna.

Samantekt

Bókin er mjög gagnleg fyrir þá sem eru að hefja kennslu fullorðinna. Hún er á einföldu og auðskiljanlega máli. Hér er greinilega á ferðinni höfundur sem hefur mikla reynslu af kennslu fullorðinna. Sérstaklega er umfjöllun höfundar um fullorðna námsmenn í fyrsta kaflanum athyglisverð því hún vekur lesandann til umhugsunar um hversu ólíkar aðstæður þeirra geta verið og ólíkar hvatir á baki þess að fara í nám aftur. Einnig er mjög gagnleg umræðan um hversu ólíkir einstaklingar eru á ferðinni og hvernig þeir læra. Jafnframt er vísað í mjög þekktar kenningar sem er gott að þekkja.

Kaflinn um byrjun námskeiða er ómetanlegur fyrir kennara og sýnir ýmsar byrjanir sem hægt er að nota ásamt kostum og göllum. Allir þeir sem hafa kennt fullorðnum námsmönnum þekkja eitthvað af þeim dæmum sem sett eru fram um mismunandi hópa og samsetningu þeirra. Hérna eru aftur frábærar leiðbeiningar hvernig hægt sé að mæta slíkum hópum og greinilegt að höfundur veit nákvæmlega um hvað hann er að tala. Eitt sem kennarar vilja gleyma er að gefa er munnleg endurgjöf til nemenda og að hvetja þá á réttan hátt. Hér er hnykk á því í kaflanum um endurgjöf. Mjög vel er farið yfir það hvernig eigi að takast á við erfiða einstaklinga í bókinni.

Hluti af köflunum um kennsluaðferðir voru ekki nógu góðir að mínu mati og fannst mér sérstaklega kaflinn um markþjálfun ekki eiga heima þar. Fram kemur í inngangi bókarinnar að höfundur hafi stundað viðskiptamarkþjálfun undanfarin 15 ár áður en bókin var gefin út og hafi skrifað bækur um það efni. Að mínu mati á þessi kafli hreinlega ekki heima í bókinni því það þarf miklu meira til en kennara fullorðinna til að vera með markþjálfun og á þessi umfjöllun heima á öðrum vettvangi. Einnig fannst mér kaflinn um hlutverkaleiki ekki nógu gagnlegur því að mínu mati þarf meira skipulag og þekking að koma til hjá kennara. Kaflinn um skipulagningu námskeiða er besti kaflinn í bókinni og vel lýst að hverju skal hyggja þegar verið er að skipuleggja námskeið.

Að mínu mati sem reynsluríkum kennara fullorðinna nemenda þá hentar þessi bók mjög vel þeim sem eru að hefja kennslu. Einnig bætir hún einnig við þekkingu þeirra sem reynslumeiri eru og vekur þá til umhugsunar um margt sem hægt væri að nota. Þarna þekki ég fjölmargar aðstæður sem hafa komið upp í kennslu og tel að nota mætti aðferðir hennar með árangursríkum hætti. Svona í heildina litið er bókin athyglisverð og skemmtileg aflestrar ásamt því að vera gagnleg. Gæði hennar felast einnig í því að hún er ekki skrifuð á hástemmdu máli heldur á venjulegu máli.

Heimild um bókindóma:

David Ludden. (e.d.). *How to write a book review*. Sótt af

<http://class.lindsey.edu/instructor/luddend/HowToWriteABookReview.pdf>

Indiana University Bloomington. Writing tutorial Services: Writing book reviews. Sótt af:

http://www.indiana.edu/~wts/pamphlets/book_reviews.shtml